



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 421-3100 Fax 421-3107

197. fundur skólanefndar FS 18. júlí 1995.

Mættir: Hjálmar Árnason, skólameistari, Ólafur Jón Arnbjörnsson, settur skólameistari, Kristbjörn Albertsson, formaður, Inga Birna Antonsdóttir, formaður NFS, Jón Sæmundsson, fjármálastjóri, Bogi Hallgrímsson. Fundarritari Sigurlaug Kristinsdóttir.

Formaður setti fundinn og bauð settan skólameistara velkominn, en hann tekur formlega við 1. ágúst n.k.

Dagskrá:

1. Reikningar skólasjóðs.
2. Reglur um fjölskylduafslátt á skólagjöldum.
3. Kennararáðningar.
4. Önnur mál.

1. mál: Jón Sæmundsson, fjármálastjóri FS gerði grein fyrir reikningum skólasjóðs. Engar athugasemdir voru gerðar við reikningana og voru þeir samþykktir.

2. mál: Formaður ræddu um tilvik þess að foreldrar væru með 3 börn í skólanum. Hjálmar benti á að hvort skólinn ætti að taka upp fjölskylduafslátt þ.e. ef að fleiri en 2 börn koma frá sama heimili - þá veita afslátt. Fram kom að skólanefnd er heimilt að veita styrk, en um hann er sótt til fjármálastjóra hverju sinni.

3. mál: Hjálmar benti á að undanþágunefnd væri enn í fríi og engar upplýsingar um það hvenær því lýkur. Hjálmar leggur til að eftirtaldir kennarar verði ráðnir:

Guðmundur Brynjólfsson 1/2 staða til áramóta.

Sigurlaug Kristinsdóttir 18/25 til eins árs.

Hörður Ragnarsson 2/3 staða til eins árs.

Katarín Sigurðardóttir 2/3 staða til áramóta.

Gunnlaugur Jónsson 1/1 staða til áramóta.

Kolbrún Valdimarsdóttir 9/25 til eins árs.

Svanhildur Kjær 21/25 til eins árs.

Ólafur Grétar Kristjánsson 1/1 staða til áramóta.

Sturla Bragason 1/1 staða til eins árs við tölvukennslu.

Skólanefnd mælir með ráðningu þessa fólks og jafnframt að senda undanþágunefnd bréf hið fyrsta.

4. mál: Kristbjörn ræddi um sérkennslu við skólann og spurði hvort að þetta væri orðið vandamál. Fram kom að lítill peningur er settur til skólans í sérkennslu að sögn Hjálmars.

Rætt um að skipa í afmælisnefnd. Formanni falið að kanna málið.

Hjálmar þakkar skólanefndarmönnum fyrir mjög ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Jafnframt óskar hann nýjum skólameistara velfarnaðar í starfi.

Formaður þakkaði Hjálmoni fyrir gott og skemmtilegt samstarf og óskaði honum velfarnaðar í nýju starfi.

Fleira ekki gert, fundi slitið.